

## Fyrirspurn

til mennta- og menningarmálaráðherra um ráðstöfun fjár til að efla símenntun og önnur námstækifæri fullorðinna.

Frá Svandísi Svavarsdóttur.

1. Hvernig og eftir hvaða reglum hyggst ráðuneytið ráðstafa fé á liðnum 02-451 Framhaldsfræðsla í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2016, þ.e. framlagi sem hefur hækkað um um 105 millj. kr. í samræmi við yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar frá 28. maí 2015 um aðgerðir til að greiða fyrir gerð kjarasamninga á vinnumarkaði með því að efla símenntunarstöðvar, námstækifæri fyrir nemendur 25 ára og eldri og vinnustaðanámssjóð?
2. Hvernig og eftir hvaða reglum hyggst ráðuneytið ráðstafa þeirri 95 millj. kr. hækkun á framlagi í vinnustaðanámssjóð sem gert er ráð fyrir í fjárlagafrumvarpinu?

Skriflegt svar óskast.